

Fundargerð 243. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 8. desember 2020
Fundartími:	13:00 – 17:30
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi undir lið nr. 1.

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Við fundardagskrá Önnur mál, bætist erindi frá Kjartani Björnssyni og undir kynningarefni erindi til sveitarstjórnarmanna frá Vottum Jehova Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 205, dags. dags. 11.11.2020

a) Halakot L166233; Lækjarholt 1 og 2; Stofnun lóða – 2010097

Lögð fram umsókn Sigurðar Á. Péturssonar, dags. 27. október 2020, um stofnun tveggja landeigna úr jörðinni Halakot L166233. Um er að ræða annars vegar 90.018 fm land sem fengi staðfangið Lækjarholt 1 og hins vegar 19.993 fm land sem fengi staðfangið Lækjarholt 2. Fyrirhuguð aðkoma að spildunum er um nýjan sameiginlegan aðkomuveg frá Langholtsvegi (318-01). Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar sem búið er að taka tillit til á meðfylgjandi lóðablaði. Einnig liggur fyrir samþykki eigenda aðliggjandi landeigenda á hnitsetningu Lækjarholts 1 sem og rökstuðningur fyrir nýjum staðföngum.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landeignanna skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi umsókn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn um stofnun tveggja lóða úr jörðinni Halakot L166233 skv. 13 gr. jarðalaga. Annars vegar 90.018 fm land sem fengi staðfangið Lækjarholt 1 og hins vegar 19.993 fm land sem fengi staðfangið Lækjarholt 2. Aðkoma að spildunum verður um nýjan sameiginlegan aðkomuveg sem liggur frá Langholtsvegi (318-01) Samþykkt með 5 atkvæðum.

Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi mætti til fundarins og fór yfir nokkur atriði sem varða aðalskipulag Flóahrepps. Farið yfir skilmála aðalskipulagsins varðandi landnotkunarflokka íbúðabyggðar og sumarhúsabyggðar og þær forsendur sem þurfa að liggja fyrir til þess að fara í skipulagsbreytingar. Til umræðu voru hugmyndir um breytta landnotkun í sumarhúsahverfi í Merkurhrauni. Ákveðið að bjóða eigendum lóða á svæðinu til fundar þegar færi gefst vegna sóttvarna. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Merkurhraun 9 (L166428); fyrirspurn um byggingarleyfi; sumarbústaður á tveimur hæðum – 2010095

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Jónssonar fyrir hönd ED smíði ehf., móttokin 29.10.2020 sem fyrirspurn um leyfi til að byggja tvílyftan sumarbústað um 222,2 m² á sumarbústaðalandinu Merkurhraun 9 (L166428) 4000 m² að stærð í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn að málinu verði synjað. Nýtingarhlutfall sumarhúsalóða innan frístundasvæða samkvæmt aðalskipulagi Flóahrepps má vera allt að 0,03. Í ákveðnum undantekningartilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05. Skipulagsnefnd mælist til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið þar sem m.a. verði gert grein fyrir nýtingarhlutfalli lóða innan svæðisins og hámarks byggingarmagni. Nefndin mælist til þess að hámarksbyggingarmagn lóða innan svæðisins verði skilgreint 150 fm.

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar fyrirbyggjandi beiðni um byggingu á tvílyftum sumarbústað 222,2 fm að stærð, í Merkurhrauni 9 (L166428) þar sem byggingaráform samræmast ekki ákvæðum aðalskipulags Flóahrepps um nýtingarhlutfall lóðar. Mælist er til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið þar sem m.a. verði gerð grein fyrir nýtingarhlutfalli lóða innan svæðisins og hámarks byggingarmagni. Sveitarstjórn mælist til þess að hámarksbyggingarmagn lóða innan svæðisins verði skilgreint 150 fm.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Merkurhraun 10 L207338; Byggingar á lóð; Fyrirspurn – 1903022

Lögð er fram fyrirspurn frá Margréti Ólafsdóttur er varðar nýtingarhlutfall lóðar að Merkurhrauni 10 og heimild til nýtingar á millilofti innan sumarhúss í byggingu í samræmi við framlögð gögn.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn að málinu verði hafnað. Nýtingarhlutfall sumarhúsalóða 5000 fm eða stærrí innan frístundasvæða má vera allt að 0,03 samkvæmt aðalskipulagi Flóahrepps. Í ákveðnum undantekningartilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05. Skipulagsnefnd mælist til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið þar sem m.a. verði gerð grein fyrir nýtingarhlutfalli lóða innan svæðisins og hámarks byggingarmagni. Nefndin mælist til þess að hámarksbyggingarmagn lóða innan svæðisins verði skilgreint 150 fm.

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar fyrirbyggjandi beiðni um heimild til nýtingar á millilofti innan sumarhúss á lóðinni Merkurhraun 10 L207338, þar sem byggingaráform samræmast ekki ákvæðum aðalskipulags um nýtingarhlutfall lóðar. Sveitarstjórn mælist til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið þar sem m.a. verði gerð grein fyrir nýtingarhlutfalli lóða innan svæðisins og hámarks byggingarmagni. Mælist er til þess að hámarksbyggingarmagn lóða innan svæðisins verði skilgreint 150 fm.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Kersholt 1 L197891; Skilmálabreyting; Bílskúr í stað útihúss; Deiliskipulagsbreyting – 2010074

Lögð er fram umsókn Mikael Tal Grétarsson vegna breytinga á skilmálum deiliskipulags að Kersholti. Í breytingunni felst að heimilað verði að byggja 40 fm bílskúr í stað 30 fm útihúss. Óskað er eftir því að breytingin fái málsmeðferð sem óveruleg breyting á deiliskipulagi í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagsreglugerðar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um breytingu á orðalagi breytingartillögu. Í breytingunni felst að skilmálar er varðar útihús innan skipulagsins sem í dag eru "Einnig að hámarki 30 m2 útihús skv. reglugerð sveitarfélagsins." verði "Einnig að hámarki 40 fm aukahús á lóð.". Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum innan deiliskipulagssvæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi beiðni um breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir Kersholt 1 L197891 þar sem óskað er eftir því að í stað 30 fm útihúss verði heimilt að byggja 40 fm aukahús. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum innan deiliskipulagssvæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Hallandi L166310 – 166315; Engjar 1 – 11; Frístundasvæði; Deiliskipulag – 2010098

Lögð er fram umsókn frá Margeiri Kúld Eiríkssyni fh. landeigenda Engja 1-11 innan frístundabyggðar F2. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að afmarka legu lóða og byggingareiti, skilgreina byggingamagn innan svæðisins og stuðla að uppbyggingu þess.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029. Nefndin mælist til þess að lóðarhöfum innan svæðisins verði kynnt málið sérstaklega.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn um deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Hallanda L166310 – 166315, Engjar 1 – 11. Með deiliskipulaginu er afmörkuð lega lóða, byggingarreitir og byggingarmagn skilgreint innan svæðis. Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa deiliskipulagið á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og jafnframt að kynna lóðarhöfum innan svæðis málið sérstaklega.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Egilsstaðir 1 L166331; Aðkoma að Lynghæð; Deiliskipulagsbreyting - 2011013

Lögð er fram umsókn frá Andraco ehf. varðar beiðni um óverulega breytingu á deiliskipulagi Lynghæðar L196512. Í breytingunni felst að vegtenging aðkomuvegar að lóðinni er breytt.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi beiðni frá Andraco ehf, um óverulega breytingu á deiliskipulagi í landi Egilsstaða 1 L166331, sem felur í sér breytingu á aðkomuvegi að lóðinni.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða.

Samþykkt með 5 atkvæðum

g) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 130 – 2010005F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 04.11.2020.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 206, dags. 25.11.2020

a) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 20 – 131 – 2011002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18.11.2020.

3. Erindi frá Skipulagsstofnun – óskað er umsagnar um tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn en áskilur sér rétt til þess að koma athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Þróun stafrænna lausna – samstarfverkefni sveitarfélaga og island.is

Lagt fram erindi frá Friðrik Sigurbjörnssyni f.h. formanns stafræns ráðs á Suðurlandi. Í erindinu er óskað eftir þátttöku sveitarfélagsins í kostnaði við miðlægt tækniteymi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tækniteymið hefur það hlutverk að sinna innleiðingu rafrænna lausna, gagnauppbyggingu og tengingu gagna gagnvart öllum sveitarfélögum á landinu. Verkefnið verður fjármagnað af sveitarfélögunum í samræmi við tillögu um kostnaðarþátttöku fyrir árið 2021. Verkefnið er tímabundið til tveggja ára með möguleika á framlengingu. Kostnaður Flóahrepps er áætlaður 292.974 kr. á ári.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka þátt í verkefninu og samþykkir jafnframt tillögu um form á vali forgangsverkefna sem fram kemur í fyrirbyggjandi gögnum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá Markaðsstofu Suðurlands – framlenging á samningi

Lagt fram erindi frá Dagnýju H. Jóhannsdóttur f.h. Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir áframhaldandi samstarfi og endurnýjun samnings til næstu þriggja ára.

Núverandi samningur gerir ráð fyrir 430 kr. pr íbúa á ári út samningstímabilið. Einnig er óskað eftir samráðsfundi með sveitarstjórn þar sem skoðaðar yrðu hugmyndir um Áfangastaðastofu Suðurlands.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að endurnýja samninginn til þriggja ára. Sveitarstjóra falið að finna tíma fyrir samráðsfund sveitarstjórnar og Markaðsstofunnar vegna „Tillögu um Áfangastaðastofu Suðurlands“

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá starfshóp vegna vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið

Lögð fram tillaga frá verkefnisstjórn vegna vinnu við gerð svæðisáætlunar fyrir Suðrhálendið. Tillagan felur í sér ósk um áframhaldandi vinnu við verkefnið og aðkomu sveitarfélagsins Flóahrepps að verkefninu. Áætlað er að kostnaður skiptist með eftirfarandi hætti, Sóknaráætlun SASS 25 %, sveitarfélögin 25 % og Skipulagssjóður 50 %. Verkefnið mun fela í sér kostnað fyrir Flóahrepp sem nemur 155.039 kr. á árinu 2021, 125.969 kr. á árinu 2022 og 96.899 kr á árinu 2023.

Einnig er óskað eftir tilnefningu tveggja fulltrúa og tveggja til vara til setu í starfshópi um gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka þátt í verkefninu á grundvelli þeirrar kostnaðarskiptingar sem er kynnt í minnisblaði dags. 20.11.2020

Fulltrúar í starfshópnum fyrir hönd Flóahrepps verða Hrafnkell Guðnason og Rósa Matthíasdóttir. Til vara Árni Eiríksson og Sigurður Ingi Sigurðsson.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Samkomulag um aðgang að sundstöðum Árborgar – endurnýjun

Lagt fram samkomulag milli sveitarfélaganna Árborgar og Flóahrepps um endurnýjun á heilsuefningarátaki Flóahrepps sem felur í sér endurgjaldslausan aðgang barna og eldri borgara að sundstöðum Árborgar. Fyrir samkomulagið greiðir Flóahreppur Árborg 1.000.000 kr á ári. Gjaldið miðast við 1. janúar 2020 og tekur breytingum í samræmi við hlutfallslegar breytingar á gjaldskrá sundstaða Árborgar fyrir 30 miða kort. Sveitarstjórn óskar eftir upplýsingum um nýtingu á þessari þjónustu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi samning með 5 atkvæðum.

8. Samkomulag um rekstur upplýsingamiðstöðvar og verkefni tengd ferðaþjónustu endurnýjun

Lagt fram samkomulag sveitarfélaganna Árborgar og Flóahrepps um rekstur upplýsingarmiðstöðvar og verkefni tengd ferðaþjónustu – endurnýjun. Kostnaður vegna verkefnisins er 1.122. þús. króna á árinu 2021. Óskað er eftir upplýsingum um fjölda þeirra gesta sem sækja upplýsingamiðstöðina heim árlega. Einnig er óskað eftir kynningu frá Upplýsingamiðstöðinni á starfsemi hennar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðinu að taka þátt í samstarfinu árið 2021.

9. Erindi frá Vegagerðinni - verksamningar vegna snjómoksturs á tengivegum, héraðsvegum og heimreiðum í Flóahreppi

Vegagerðin hefur gert samkomulag um framlengingu á samningum við verktaka sem byggja á verðkönnunargögnum fyrir árin 2017 - 2020. Samningarnir fela í sér óbreytta gjaldskrá til eins árs. Flóahreppur hefur möguleika á að gerast aðili að samningum við umrædda verktaka vegna moksturs á heimreiðum þá daga sem mokstur er ákveðinn í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum aðild að samningum um snjómokstur í Flóahreppi.

10. Samþykkt um fráveitur í Flóahreppi að lokinni yfirferð ráðuneytis

Samþykktir um fráveitur í Flóahreppi lagðar fram til lokaafgreiðslu leiðréttar eftir yfirferð ráðuneytis.

Samþykktar með 5 atkvæðum.

11. Betri vinnutími – tillögur vinnuhópa í Flóahreppi

Lagðar fram upplýsingar frá Flóaskóla vegna betri vinnutíma. Fram hefur komið að aðilar í KÍ og skólastjórufélaginu eru ekki aðilar að samkomulagi um styttri vinnuviku. Aðrir starfsmenn taka styttingu vinnuviku út á frídögum nemenda á skólaárinu eins og verið hefur. Engar breytingar eru því á fyrirkomulagi mætinga starfsmanna í Flóaskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Sveitarstjóri og bókarilaunafulltrúi á skrifstofu Flóahrepps óska eftir að fá að taka út styttingu vinnuviku mánaðalega einn eftirmiðdag á mánuði eftir samkomulagi við sveitarstjóra. Óskað er eftir hækkun á starfshlutfalli ritara um 1,5 % vegna samninga um betri vinnutíma. Fer úr 55 % í 56,5 %.

Starfshlutfall umsjónarmanns fasteigna verður óbreytt en stytting 3 klst. á mánuði tekur út að jafnaði mánaðarlega. Vinnutími húsvarðar í Þingborg styttist um 4 tíma og 20 mínútur á mánuði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Lagðar fram upplýsingar frá Krakkaborg þar sem óskað er eftir því að starfsmenn taki út samningsbundna styttingu sem nemur 13 mínútum á dag auk kaffitíma sem hætta þá að vera á forræði starfsmanns. Unnið verði að jafnaði samkvæmt tveggja vikna plani og vinnudagur stytur að morgni og síðdegis til skiptis. Ekki er hægt að safna upp styttingu milli mánaða“ Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur til 1. júlí 2021 en þá verði reynslan af fyrirkomulaginu metin og því breytt ef reynslan sýnir þörf fyrir það.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá Sjóðnum góða – styrkumsókn

Lögð fram styrkumsókn frá Sjóðnum góða sem er samstarfsverkefni félagasamtaka í Árnassýslu og hefur þann tilgang að veita þeim sem ekki eiga fyrir nauðþurftum stuðning yfir jólahátíðina.

Samþykktur með 5 atkvæðum styrkur kr. 50.000 til sjóðsins.

13. Erindi frá Stígamótum – styrkbeiðni

Lagt fram erindi frá Stígamótum þar sem óskað er eftir fjárstuðningi.

Samþykktur með 5 atkvæðum styrkur kr. 50.000 til verkefnisins.

14. Frá Alþingi til umsagnar:

a) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr.60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál

Lagt fram til kynningar.

b) Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða og íbúðarhúsnæðis), 275. mál

Lagt fram til kynningar.

c) Frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál

Lagt fram til kynningar.

d) Frumvarp til laga um breytingu á skráningu einstaklinga, nr. 140/2019 (sveitarfélag fyrsta lögheimilis), 82. mál

Lagt fram til kynningar.

e) Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál

Lagt fram til kynningar.

f) Frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmið, áhættumat, sektir o.fl. 311. mál

Lagt fram til kynningar.

g) Frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322. mál

Lagt fram til kynningar.

h) Frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð, 321. mál

Lagt fram til kynningar.

i) Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkflugvallar, 39. mál

Lagt fram til kynningar.

j) Tillaga til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum, 81. mál

Lagt fram til kynningar.

k) Tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 240. mál

Lagt fram til kynningar.

l) Tillaga til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 187. mál

Lagt fram til kynningar.

m) Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu 2020 – 2030, 278. mál

Lagt fram til kynningar.

- n) Tillaga til þingsályktunar um bættu stjórnarsýslu í umgengnismálum, 104. mál
Lagt fram til kynningar.
- o) Tillaga til þingsályktunar um skákkennslu í grunnskólum, 106. mál
Lagt fram til kynningar.
- p) Tillaga til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 113. mál
Lagt fram til kynningar.

15. Flóaljós – fjárhagsáætlun ársins 2021

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir Flóaljós

Áætlunin samþykkt með 5 atkvæðum og vísað til síðari umræðu um fjárhagsáætlunar Flóahrepps 2021 - 2024.

16. Álagningarforsendur og gjaldskrár – síðari umræða

a) *Útsvarprósenta Flóahrepps 2021*

Lögð fram tillaga um að álagningarprósenta útsvars fyrir árið 2021 verði **14,52 %**.
Samþykkt með 5 atkvæðum

b) *Álagningarhlutfall fasteignagjalda og vatnsgjald í Flóahreppi 2021 gjalddagareglur*

Lögð fram tillaga um álagningarprósentu fasteignagjalda fyrir árið 2021:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c-flokkur 1,5 % af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Vatnsgjald - Vatnsveitu Flóahrepps:

Lögð fram tillaga að eftirfarandi varðandi innheimtu á vatnsgjaldi fyrir Vatnsveitu Flóahrepps fyrir árið 2021:

Að álagningarprósenta vatnsgjalds verði 0,2 % af fasteignamati og að lágmarksálagning á íbúðarhús verði 21.468 kr og hámarksálagning 42.286 kr.

Eitt gjald verði innheimt af sumarhúsum 35.780 kr.

Lágmarksgjald íbúðarhúsa kr. 21.468 verði viðmið álagningar á vatnstæki í beitahólfum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Gjalddagareglur fasteignagjalda fyrir árið 2021:

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald og lóðaleiga, hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Álagningaseðlar verða ekki prentaðir út heldur sendir rafrænt á island.is.

Innheimtuseðlar verða sendir til allra fyrirtæka og en ekki annarra nema sérstaklega sé óskað eftir því. Mikilvægt er að það komi fram í skýringartexta á álagningaseðli að sérstaklega þarf að óska eftir útrentuðum greiðsluseðlum.

c) *Gjaldskrá sorphirðu og seyrulosunar 2021*

Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá sorphirðu fyrir árið 2021 sem miðar við 3 % hækkun frá fyrra ári. Seyrulosunargjald hækkar um 3 % frá fyrra ári.

Sorphirða

240 l tunna	17.305 kr
660 l kar	51.012 kr
1100 l kar	84.904 kr

Sorpeyðing

Íbúðir	17.672 kr
Sumarhús	17.672 kr
Atvinnurekstur Iðnaðarhverfi	38.558 kr
Atvinnurekstur lögbýli	20.885 kr

Seyrulosun pr. ár. 10.250 kr

Gjald vegna aukalosana á rotþróum heimila, sumarhúsa og atvinnufyrirtæka greiðist af eiganda.

Kr. 36.000 fyrir aukalosun + 500 kr/km í tengslum við aðra hreinsun en kr. 86.000 + 500 kr/km fyrir aukalosun sem er sérferð.

Samþykkt með 5 atkvæðum

d) *Gjaldskrá félagsheimilanna í Flóahreppi 2021*

Lögð fram gjaldskrá fyrir félagsheimilin í Flóahreppi fyrir árið 2021.

Gjaldskráin samþykkt með 5 atkvæðum.

17. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 242, dags. 03.11.2020

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 124, dags. 24.11.2020

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Framkvæmda- og veitunefndar Flóahrepps nr. 3, dags. 19.11.2020

Vatnsveita:

Framkvæmda og veitunefnd gerir tillögu um áherslubreytingar vegna fjárfestinga og viðhalds vatnsveitu í ljósi upplýsinga um góða stöðu á veitunni. Breytingarnar fela í sér tilfærslu fjármagns frá Vatnsveitu í umhverfis- og skipulagsmál. Ákvörðun um þessar breytingar vísað til síðari umræðu um fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árið 2021.

Flóaskóli:

Í fundargerðinni er fjallað um mikilvægi þess að fullnýta varmadælu við Flóaskóla og breyta ofnakerfi í þeim hluta hússins sem nú er kyntur með rafmagnspilofnum.

Sveitarstjórn vísar kostnaði við breytingu innanhúss vegna þess til síðari umræðu um fjárhagsáætlun 2021.

Framkvæmda og veitunefnd bendir á að gera þurfi þarfagreiningu og vinna skipulagsvinnu vegna framtíðaruppbyggingar við Flóaskóla. Vísað til síðari umræðu um fjárhagsáætlun 2021.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

d) Oddvitanefndar UTU dags. 27.11.2020

Eftirtaldir liðir í fundargerðinni þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar Flóahrepps: d.1.

Endurnýjun á samstarfssamningi og samkomulag um kostnaðarskiptingu.

Tillaga um að kostnaðarskipting ársins 2020 vegna reksturs Seyrustaða, hreinsibifreiðar og þjónustufulltrúa verði skipt með þeim hætti að 5 % af föstum kostnaði komi til jafnra skipta milli sveitarfélaganna áður en samnings- og hefðbundin skipting taki við.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi samningu með 5 atkvæðum.

d.2.

Tillaga að gjaldskrá Seyrustaða fyrir árið 2021.

Tillagan gerir ráð fyrir 3,3 % hækkun milli árana 2020 og 2021.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða gjaldskrá með 5 atkvæðum.

d.3.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að sveitarfélögin skipti 5 % af föstum kostnaði jafnt á milli sín áður en kemur að hlutfallslegri uppskiptingu kostnaðar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fjárhagsáætlunina með 5 atkvæðum

d.4.

Skiptayfirlýsing og lóðaleigusamningur vegna Flatholts 2.

Lögð fram skiptayfirlýsing og lóðaleigusamningur vegna fasteignarinnar að Flatholti 2 á Flúðum. Fram kemur í skiptayfirlýsingu að eignarhlutföll sveitarfélaganna eru í samræmi við framlög til fjárfestingarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi skiptayfirlýsingu og lóðaleigusamning vegna Flatholts 2 fyrir sitt leyti með 5 atkvæðum.

- e) Stjórnar UTU nr. 81. dags. 26.11.2020
Eftirfarandi þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar:
Liður nr. 4. Fjárhagsáætlun UTU fyrir árið 2021
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum fyrirliggjandi fjárhagsáætlun sem felur í sér áætlað framlag Flóahrepps kr. 16.952.165, á árinu 2021.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- f) Aðalfundar skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs., dags. 22.10.2020
Eftirfarandi þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar:
Liður nr. 3. Fjárhagsáætlun skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls fyrir árið 2021
Samþykkt með 5 atkvæðum. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- g) Skólaþjónustu og velferðarnefndar Árneshvíls, nr. 46, dags. 03.12.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Framkvæmdaráðs Almannaþingar Árneshvíls dags. 27.01.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Framkvæmdaráðs Almannaþingar Árneshvíls dags. 08.05.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) Framkvæmdaráðs Almannaþingar Árneshvíls dags. 23.06.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) Framkvæmdaráðs Almannaþingar Árneshvíls dags. 28.09.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) Framkvæmdaráðs Almannaþingar Árneshvíls dags. 13.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) Almannaþingarnefndar Árneshvíls dags. 06.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) Héraðsnefndar Árneshvíls bs. nr. 18, dags. 12.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum dags. 03.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- p) Heilbrigðisnefndar Árneshvíls nr. 208, dags. 13.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- q) Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 30.10.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- r) Stjórnar SASS nr. 563, dags. 28.10.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- s) Stjórnar SASS nr. 564, dags. 06.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- t) Aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga dags. 05.11.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- u) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 890, dags. 30.10.2020

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

v) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 891, dags. 20.11.2020

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

18. Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2021 – 2024 – síðari umræða

Lögð fram til seinni umræðu, fjárhagsáætlun Flóahrepps fyrir árin 2021– 2024.

Áætlun fyrir A og B hluta fyrir árið 2021 gerir ráð fyrir eftirfarandi í þús. kr.:

- Heildartekjur: 826.329
- Rekstrargjöld án fjármagnsliða: 821.356
- Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): (4.874)
- Rekstrarniðurstaða fyrir A og B hluta: 99
- Veltufé frá rekstri: 3,8 %
- Netto fjárfesting ársins: 22.000
- Hækkun (lækkun) á handbæru fé 4.924

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fjárhagsáætlun Flóahrepps 2021 – 2024 við síðari umræðu, með 5 atkvæðum.

19. Efni til kynningar:

- a) Yfirlýsing, kröfur og tillögur til stjórnvalda frá baráttuhópi smærri fyrirtæka, einyrkja og sjálfstætt starfandi aðila í ferðaþjónustu
- b) Frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti – framlenging heimildar til sveitarstjórna til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfshæfi sitt og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags
- c) Frá Samgönguráðherra - Til þátttakenda í degi um fórnarlömb umferðarslysa
- d) Yfirlýsing frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna breytinga á starfsskyldum starfsmanna leik- og grunnskóla á neyðarstigi almannavarna og á tímum Covid 19
- e) Betri vinnutími
- f) Frá skipulagsstofnun – ákvörðum um matsskyldu
- g) Skýrsla um refa- og minkaveiðar
- h) Frá Félagsmálaráðuneyti, teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála - Stöðuskýrsla nr. 7
- i) Frá Félagsmálaráðuneyti, teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála - Stöðuskýrsla nr. 8
- j) Frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands – handbók um vinnusmiðjur og virkt samráð
- k) Kynningarefni frá Vottum Jehova
- l) Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 12. janúar klukkan 13:00 í Þingborg

20. Önnur mál:

Jólaþakveðja – Sunnlenska

Lagt fram erindi frá Suðurlandi fréttablaði þar sem Flóahreppi er boðin jólaþakveðja í blaðinu.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

21. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)